

Fundur Samgöngu- og fjarskiptanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn mánudaginn 23. júlí kl 16.00, í síma.

Mætt voru Sigurður Hreinsson, formaður, Ásgeir Jónsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Karl Kristjánsson og Nanný Arna Guðmundsdóttir. Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV og ritaði fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins var sem hér segir;

1. Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit.
Úttekt og nýjar hugmyndir Multiconsult, athugasemdir Vegagerðar og samþykkt Reykhólahrepps um úttekt á leið R.
2. Samgönguþing 2018
3. Samgönguáætlun. 2018-2033.
Umsögn um tillögu að samgönguáætlun og tillögu að umhverfismat áætlunarinnar.
4. Almenningsamgöngur.
 - a. Framlenging verkefnis um eitt ár, afstaða FV?
 - b. Landsbyggðarstrætó
 - c. Breytingar á áætlun leið 57 og leið 59.
5. Önnur mál

1. Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit.
 - Lögð fram til kynningar skýrsla *New Vestfjarðavegur in Reykhólahreppur - Review of proposed alternatives* sem unnin var fyrir Reykhólahrepp og skilað var í lok júní s.l.. Skýrslan var unnin af norsku ráðgjafafyrirtæki MultiConsult. Í skýrslunni er gerð úttekt á leiðarvali vegna fyrirhugaðra endurbóta á Vestfjarðavegi 60, um Gufudalssveit og að auki kynnt hugmynd að nýju vegstæði eða leið R.
 - Formaður kynnti að hann hefði ásamt framkvæmdastjóra FV átt fund með sveitarstjóra og hluta af sveitarstjórn Reykhólahrepps þann 17. júlí s.l.. Eins hefði framkvæmdastjóri setið kynningarfund sveitarfélagsins þar sem drög skýrslunnar voru kynnt á opnum fundi á Reykhólum þann 27. júní s.l..
 - Lagt fram til kynningar fréttatilkynning frá Vegagerðinni, 28. júní s.l. „Athugasemdir við skýrslu um leiðaval í Gufudalssveit“. Þar sem Vegagerðin rekur sjónarmið gagnvart hugmyndum MultiConsult.
 - Lagt fram til kynningar bréf Reykhólahrepps dags 17. júlí 2018 til Vegagerðarinnar, þar sem kynnt er samþykkt sveitarstjórnar frá 12. júlí 2018, um að Vegagerðin taki til skoðunar svokallaða leið R og beri saman við leiðir P-H og D2 á fyrirhuguðum endurbótum á Vestfjarðavegi 60, um Gufudalssveit.

Rætt um efni málsins. Fram kom að Vegagerðin hefur hafið athugun á þeim þáttum sem koma fram í bréfi Reykhólahrepps og m.a. að vænst er niðurstöðu botnrannsóknna á fyrirhuguðu brúarstæði í Þorskafirði í október n.k..

Formaður gerði tillögu. *Samgönguáætlun 2019-2033 verður lögð fram á Alþingi á haustþingi 2018, mikilvægt er fyrir afgreiðslu áætlunarinnar að fyrir liggi niðurstaða um vegstæði Vestfjarðavegar 60 með vegi á láglandi Með vísan til samþykktar Reykhólahrepps frá 12. júlí 2018 um leiðaval á Vestfjarðavegi 60, þá hvetur samgöngunefnd FV samgönguyfirvöld að hraða úttekt á leið R sem veglínu á Vestfjarðavegi 60 til samanburðar við leið P-H og leið D2.*

Tillagan samþykkt.

2. Samgönguþing 2018

Formaður kynnti að hann hefði ásamt framkvæmdastjóra setið Samgönguþing 2018 sem haldið var í Reykjavík þann 21. júní s.l..

Fram kom að starfshópur hefur verið settur af stað til að meta kosti og galla sértækri gjaldtöku til að fjármagna og þar með flýta vegframkvæmdum, kæmi það til viðbótar fjármagni af fjárlögum til samgöngumála þar sem stefnt er að verði 1,5 % af vergri landsframreiðslu. Þessi stefna fellur að stefnumörkun FV frá ágúst 2017 er varðar stuðning við flýtifjármögnun framkvæmda, ef útséð að engin önnur leið sé til að auka fjármagn til samgöngumála.

Eins kom fram efla á innanlandsflug með jöfnun fargjalda og auk fjármagn til viðhalds. Eins var rætt um orkuskiptingu í samgöngum, þ.m.t. uppbyggingu á þjónustu við rafbílum.

3. Umhverfismat Samgönguáætlunar 2019-2033.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að tillögu að samgönguáætlun 2018-2033 og Umhverfisskýrslu Samgönguáætlun 2019-2033.

Farið yfir atriði sem kæmu til umsagnar og framkvæmdastjóra falið að vinna greinargerð og senda á samgöngunefnd til yfirlstrar og senda síðan á stjórn FV.

4. Almenningsamgöngur.

a. Framlenging verkefnis um eitt ár, afstaða FV.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu í viðræðum landshlutasamtaka sveitarfélaga við samgönguráðuneyti og Vegagerðina um rekstur almenningsamgangna. Öll landshlutasamtök sögðu upp samningi við Vegagerðina í lok mars s.l., en gerðu um leið grein fyrir þeim vilja um áframhald verkefnisins, en þá með tryggingum varðandi einkaleyfi og fjármögnun kerfisins. Engin skýr svör hafa komið fram að hálfu stjórnvalda en hreyft hefur verið þeirri hugmynd að framlengja núverandi samninga um eitt ár og þá með tryggingu fyrir að hugsanlegum taprekstri verði mætt að hálfu ríkisins. Tími verði nýttur til að semja um framtíðarfyrirkomulag.

Kynnt bókun Eyþings frá 28. júní 2018. um framhald almenningsamgangna á landsbyggðinni.

Framkvæmdastjóri óskaði heimildar til fylgjast með samninga um framlengingu verkefnisins um eitt ár. En taka um leið upp viðræður við sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum og sveitarfélög á sunnanverðum Vestfjörðum um að taka yfir hluta af akstri á vegum FV.

b. Landsbyggðarstrætó

Lögð fram drög að skýrslu Almenningsamgöngur á landsbyggðinni frá lok júní s.l., unnin af KPMG að beiðni landshlutasamtaka sveitarfélaga en með fjárstuðningi frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti. Í samantekt skýrslunnar er bent á að taprekstur árána 2012-2017 nemi um 120 mkr (án Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi) og þar sem ekki er um lögbundið hlutverk sveitarfélaga þá hafi það hamlað framþróun verkefnisins. Eins er bent á að flækjustig málaflokksins er mikið og lagt til að skoðuð verði sú leið til einföldunar, að stofna sameiginlegt félag landshlutasamtaka (án höfuðborgarsvæðis) sem myndi annast framkvæmd mála.

Samgöngunefnd FV styður að hugmynd að sameiginlegum landsbyggðarstrætó verði unnin áfram, að teknu tilliti til að rekstarfyrirkomulag á Vestfjörðum er í endurskoðun.

c. Breytingar á áætlun leið 57 og leið 59.

Lagt fram minnisblað frá Strætó bs frá lok júní s.l., sem unnið var fyrir NVB ehf, efni minnisblaðsins er um hugmynd að fækkun ferða á leiðum 57 og 59. Farþegum hefur fækkað það sem af er ári og taprekstur á báðum þessum leiðum. Leið 59 til Hólmavíkur heldur sér óbreytt. Ekki eru gerðar athugasemdir við fækkun ferða á leið 57 og 59.

5. Önnur mál

- Samgöngunefnd FV beinir til Vestfjarðastofu að kanna möguleika á uppbyggingu leiguflugs með hópa á milli Ísafjarðarflugvallar og flugvalla á austurströnd Grænlands.
- Rætt um þann hluta ferðaþjónustunnar er varða farþegaflutninga á sjó, sem er árstíðarbundin starfsemi og verður það í fyrirsjáanlegri framtíð á Vestfjörðum. Reglugerðir sem gilda um þetta svið ferðaþjónustu eru verulega íþyngjandi fyrir greinina. Taka verði umræðu um hvernig þróa megi reglugerðirnar þannig að framfylgd þeirra reynist ferðaþjónustu auðveldari í framkvæmd, án þess þó að slá þurfi af öryggiskröfum.
- Samgöngunefnd beinir því til Vegagerðar að vetrarþjónusta verði skipulögð í takt við uppbyggingu almenningsamgangna m.a. vetrarþjónusta á fjallvegum sem tengja byggðalög innan sama sveitarfélags.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.45.